



Sytem Klarlack Halvmatt

Vörunr. 2609

Lýsing

Sytem Klarlack Halvmatt (2609) er glært og hálfmatt alkýðlakk á tré og málma innanhúss. Lakkið er létt í vinnslu og flýtur vel og myndar enn fremur harða og sterka filmu sem auðvelt er að þrífa.

Notkun

Sytem Klarlack Halvmatt (2609) er ætlað til notkunar á tré og málma innanhúss. Lakkið hentar bæði til ný- og endurmálunar, t.d. á húsgögn, hurðir, glugga, vegg- og loftaþiljur innanhúss. Nota má lakkið til þess að breyta úr gljáandi í hálfmatta áferð.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Glært	Þurrefni: 35 % (rúmmál)
Gljástig: 20	Þynnir: Terpentina
Pakkningar: 1 og 4 lítra	Áhaldahreinsir: Terpentina
Efnisnotkun: 10 m ² /l	Þurrktími: 6 klst við 23 °C og 50 % raka
Eðlisþyngd: 0,9 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 16 klst

Undirmálun

Ekki þarf að grunna sérstaklega undir lakkið.

Áhöld

Pensill eða sprauta. Hreinsið áhöld með terpentínu eða Penslasápu strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýlökkun

Viður: Fjarlægð ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með **Sytem Klarlack Halvmatt** þynntu 10 % með terpentínu. Slípið yfir með sandpappír og lakkið 1-2 umferðir í viðbót með óþynntu lakki.

Járn og stál: Hreinsið burt ryð, fitu, og önnur óhreinindi og lakkið 2-3 umferðir með **Klarlack Halvmatt**.

Endurlökkun


Þvoið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Mattslípið gljáandi fleti með fínum sandpappír. Að lokum eru lakkaðar 1-2 umferðir með **Klarlack Halvmatt**.

Athugasemdir

- Hætta er á að einhver gulnun sjáist þegar lakkað er yfir mjög ljósa liti.
- Hrærið lakkið vel fyrir notkun.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.